

UPPFÆRSLA Á KJARASAMNINGI
milli
Sameykis- stéttarfélags í almannajónustu
og
Samtaka atvinnulífsins vegna RARIK

1. gr.

Kjarasamningur aðila framlengist og gildir frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024 með þeim breytingum sem hér greinir.

2. gr.

Almenn launahækkun og kauptaxtar

Launahækkun sammingsins er í formi hlutfallshækkunar og hámarks krónutöluhækkunar.

Þann 1. nóvember 2022 taka mánaðarlaun og launataxtar almennri hækkun um 6,75%, þó að hámarki kr. 66.000.

Kjaratengdir liðir og desember- og orlofsuppbætur

Kjaratengdir liðir kjarasamningsins hækka um 5% frá sömu dagsetningum.

Desemberuppbót miðað við fullt starf verður kr. 119.700 á árinu 2023.

Orlofsuppbót á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2023 verður m.v. fullt starf kr. 56.000.

Hagvaxtarauki

Með framangreindum hækkunum hefur hagvaxtarauka skv. kjarasamningi aðila, sem koma átti til greiðslu 1. maí 2023, verið flýtt og að fullu efndur. Jafnframt er samkomulag um að með þessari hækkun og flýtingu komi ekki til frekara endurmats á hagvaxtarauka skv. kjarasamningi 2019-2022.

3. gr.

Afgreiðsla kjarasamnings

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamnings eigi síðar en fimmtudaginn 30. mars 2023.

Reykjavík, 27. mars 2023

F.h. Sameyki – Stéttarfélag í almannajónustu

F.h. RARIK ohf.

Fylgiskjal

Verkátun

Með framlengingu á kjarasamningi aðila til 31. janúar 2024 er viðræðum um önnur atriði en launalið í kröfugerð aðila frestað. Aðilar eru sammála um að hefja viðræður um aðrar kröfur eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu.

Á fyrsta fundi hvers hóps verður vinna hópsins skipulögð, metið verður umfang verkefnis og þörf á undirhópum. Gengið verði frá fundaáætlun sem miðast við það að verkefni vinnuhópanna verð lokið í samræmi við þá tímasetningu sem kemur fram í verkátun.

	Verkefni hefst	Verkefni lýkur
Uppfærsla kjarasamnings	Ágúst 2023	Ágúst 2023
Vinnutími (stytting, orlof, frídagar, sveigjanleiki o.fl.)	September 2023	Nóvember 2023
Réttindamál (veikindaréttur, endurmenntun o.fl.)	September 2023	Október 2023
Launamyndun (Launaþróun)	Desember 2023	Janúar 2024
Önnur mál	Nóvember 2023	Desember 2023